



UPPBYGGINGASJÓÐUR SUÐURLANDS

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands, fyrir vorúthlutun 2023.

Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar, og menningar á Suðurlandi. Í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar eru það atvinnuskapandi og/ eða framleiðniaukandi verkefni sem eiga kost á stuðningi ásamt nýsköpunarverkefnum sem efla fjölbreytileika atvinnulífs. Í flokki menningar er markmið að verkefni efli menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands byggir á Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024.

Umsækjendum er því bent á að kynna sér vel úthlutunarreglur sjóðsins. Sjóðurinn er samkeppnissjóður sem þýðir að vel mótuð verkefni, skýrar og góðar umsóknir, eru líklegri til að hljóta styrki.

Allar umsóknir þurfa að berast rafrænt í gegnum umsóknarvef sjóðsins.

Umsækjandi þarf að skrá sig inn á umsóknarformið með íslykli eða með rafrænum skilríkjum og þarf að hafa lögheimili á Suðurlandi á það einnig við um alla lögaðila. **Athugið að ekki er hægt að breyta kennitölu og nafni umsækjanda eftir að umsókn hefur verið stofnuð.**

**Umsóknir skulu berast
fyrir kl 16:00 þann 1. mars 2023.**

Umsóknir berist rafrænt í gegnum vef sjóðsins.

Nánari uppsýsingar:

www.sass.is

klaustur.is